

samkvæmt því, er nánar er tiltekið í ferðaáætlun, er þingið hafði samið, og þar að auki er óskað eptir, að stjórnin vilji sjá svo fyrir, að seglskip verði sent til Íslands með pósti í byrjun yfirstandandi mánaðar. Eptir að hafa meðtekið þetta brjef, ritaði ráðgjafinn fyrir Ísland innanríkisstjórninni og mæltist til þess, að hún yrði við óskum alþingis. **35** 15. jan.

Innanríkisstjórninni virtist samt sem áður, að sjer bæri að halda föstum tormerkjum þeim, er hún áður hefði talið á hinni eptircesktu ferðaáætlun, og neitaði því að eiga sjálf nokkurn hlut að ferðaáætlun þessari. Þar á móti hafði hún ekki neitt á móti því, að ráðgjafinn fyrir Ísland reyndi að semja við hið sameinaða gufuskipafjelag um, að fjelag þetta tæki að sjer allar póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands samkvæmt ferðaáætlun þeirri, er alþingi hafði mælt með, og hefir ráðgjafiun gjört þar eptir samning þann við nefnt fjelag, er hjer með fylgir eptirrit eptir, um gufuskipaferðirnar millum Danmerkur, Færeyja og Íslands frá 1. janúar 1880.

Ráðgjafinn lætur ekki undan falla að senda yður til afnota á venjulegan hátt nokkur expl. af ferðaáætlun þeirri, er samþykkt hefir verið fyrir yfirstandandi ár, og skal þess jafnframt getið, að nokkur expl. af fargjaldsskránni fyrir farþegja og góz muni verða send yður, herra landshöfðingi, með póstskipi því, er fer hjeðan 1. marz þ. á.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lögsókn gegn lands- sjóði.* — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 26. nóvbr. f. á. var hingað sent bónarbrjef Lárusar Blöndals sýslumanns í Húnavatnssýslu, þar sem hann beiðist leyfis til þess að lögsækja landshöfðingja, fyrir hönd hins íslenzka landssjóðs í máli því, er hann ætlar að höfða gegn landssjóðnum út af rjetti hans til að fá viðbót fyrir sjálfan hann við laun þau, sem embættinu fylgja samkvæmt 7. gr. í lögum frá 14. desember 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta. Fyrir því skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að hið umbeðna leyfi er hjer með veitt. **36** 15. jan.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um mæling á Húnaflóa.* — Með þóknanlegu brjefi frá 8. október f. á., senduð þjer, herra landshöfðingi, eptirrit eptir 2 brjefum frá foringja herskipsins Ingólfs, Mourier skipherra, sem síðastliðið sumar hefir eptir áskorun yðar rannsakað, hvernig ástatt væri á Húnaflóa, einkum að því er lýtur að hafskipaleið til kaupþúsins Borðeyrar, og fóruð þjer fram á það, að ráðgjafinn vildi semja svo við sjóliðsstjórnina, að gjörð yrði tilraun til að mæla upp hinn nefnda flóa, á þann hátt, er Mourier skipherra hefir bent á, þar sem slíkt verk gæti haft mikla þýðingu fyrir siglingar hafskipa og einkum póstgufuskipaferðirnar. **37** 15. jan.

Eptir að skrifað hafði verið sjóliðsstjórninni út af þessu, hefir ráðgjafinn meðtekið brjef það frá 8. þ. m., er eptirrit fylgir eptir, og má þóknanlega sjá af því, að það mun verða lagt fyrir herskipsforingjann í ár að mæla upp Húnaflóa að svo miklu leyti, sem sjóliðsstjórnin álitur nauðsynlegt, til þess að póstgufuskipin geti komið við á Borðeyrar kaupþúni.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sálmabókarnefndina.* — Með þóknanlegu brjefi frá 11. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent mjer brjef frá biskupnum yfir Íslandi, þar sem hann fer fram á, að útveguð verði staðfesting **38** 15. jan.

**38** 15. jan. konungs á skipun 7 manna nefndar, er samkvæmt áskorun hans hafi myndast í marz-mánuði 1878, og sem hann hafi falið að endurskoða og umbæta íslenzku sálmabókina. Þar hjá hafið þjer skýrt svo frá, að yður hafi áður af biskupnum verið send beiðni frá formanni tjeðrar nefndar um, að nefndarmönnum verði veitt hæfleg þóknun fyrir starf sitt, svo og að þeim nefndarmönnum, er eiga ekki heima í Reykjavík, verði endurgoldinn ferðakostnaður sinn; hafi beiðni þessi af yður verið send fjárlaganefnd neðri deildar alþingis, er átt var í sumar leið, svo að þinginu gæfist kostur á að veita fje það, er í þessu skyni sje nauðsynlegt, en greind nefnd hafi látið sjer nægja að vísa beiðninni til hins íslenzka bifflufjelags án þess, að alþingi sjálft ljeti í ljósi álit sitt um málið.

Jafnframt því að tjá ráðgjafanum þetta, hafið þjer getið þess, að þjer hafið af fje því fyrir næstliðið fjárhagstímabil, er lagt var til óvissra útgjalda, veitt 4 nefndarmönnum þeim, er eiga ekki heima í Reykjavík endurgjald á nokkru af ferðakostnaði þeirra við að sækja nefndarfund, er haldinn var í sumar leið. Um leið hafið þjer lagt það til, að ráðgjafinn hlutist til um, að útgefið verði konunglegt skipunarbrjef fyrir greinda nefnd, og að ráðgjafinn leyfi, að það, sem enn ereptir ógoltið af ferðakostnaði þeim, er nefndur fundur hafði í för með sjer, megi greiðast af upphæð þeirri, sem enn er óeydd af þeim hluta, er þjer hafið umráð yfir af fjárveitingunni til óvissra útgjalda, er upp á kunna að koma fyrir árin 1878 og 1879; þar að auki hafið þjer með tilliti til ferðakostnaðar þess, sem eptirleiðis kynni að leiða af fundum nefndarinnar lagt það til, að hinu íslenzka bifflufjelagi verði veitt heimild til að verja af tekjuleyfum sínum allt að 300 kr. upphæð á ári til að greiða með ferðakostnað við fundi nefndarinnar, og að nefndinni verði gefin von um, að jafnmikið fje muni verða veitt henni á ári hverju af þeim hluta, er þjer hafið umráð yfir af greindri upphæð.

Það hefir nú ekki verið álitid nauðsynlegt, þegar hin nýja sálmabók var innleidd á Íslandi, eða þegar hún var endurskoðuð árið 1869, að setja nefnd, er konungur skipaði í þessu skyni, og heldur ekki hefir þetta verið gjört, þegar líkt hefir staðið á hjer í Danmörku. Fyrir því hefir ráðgjafanum ekki heldur nú virzt ástæða til að hlutast til um, að útgefið verði konunglegt skipunarbrjef fyrir nefnd þá, er myndast hefir eptir áskorun biskups, og er eigi látið hjá líða að tjá yður þetta, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar. Skal þess að öðru leyti getið, að það verður að vera komið undir ákvörðun bifflufjelagsins sjálfs, hvort það vill veita styrk til hins umrædda fyrirtækis, og verður einnig að fela það yður á vald, herra landshöfðingi, hvort þjer viljið veita styrk til þessa af þeim hluta, er þjer hafið umráð yfir, af fje því, er með fjárlögum fyrir árin 1880 og 1881 er veitt til óvissra útgjalda, er upp á kunna að koma. Aptur á móti myndi það gefa yfirskoðunarmönnum landsreikninganna tilefni til athugasemdar, ef nú væri ávísað nokkru af fje því, sem veitt er til þessara gjalda fyrir hið umliðna fjárhagstímabil 1878 og 1879; en ráðgjafinn mun ekki hafa neitt á móti að reyna til að útvega aukaveitingu við fjárlögin fyrir þetta tímabil á fje því, sem nauðsynlegt er til að borga með eptirstöðvarnar af kostnaðinum við fund nefndarinnar síðastliðið sumar, og vari störf nefndarinnar lengur en fjárhagstímabil það, sem nú stendur yfir, má einnig eiga von á, að tekin verði upp í fjárlagafrumvarpið fyrir 1882—83 uppástunga um veitingu á ferðakostnaði nefndarmanna, og væntir ráðgjafinn að fá, ef til kemur, tillögur yðar, herra landshöfðingi, um upphæð hans.